

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Austursíðu.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 26. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Austursíðu.

Breytingin á við um lóðina Frostagötu 6C og felst í stækkun byggingarreits um 238 m<sup>2</sup>. Samhliða færast gámasvæði sunnar á lóðina.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 23. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hrafnagilsstrætis 2 og felur í sér stækkun á byggingarreit vegna viðbyggingar til norðurs ásamt aukningu á nýtingarhlutfalli úr 0,462 í 0,552.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 9. maí 2022,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 23. maí 2022